



34. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna
30.-31. október 2025

Ályktun: Þing LÍV varar við niðurskurðarstefnu

34. þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna varar eindregið við þeirri niðurskurðarstefnu sem einkennir bæði umræðu og ákvarðanir í ríkisfjármálum. Niðurskurðarstefna er ógn við kjör og réttindi launafólks og þar með við almenn lífsgæði á Íslandi. Hún er pólitísk hugmyndafræði en ekki óumdeild hagfræði.

Niðurskurðarstefna er í grunninn þrjúþætt. Í fyrsta lagi felur hún í sér niðurskurð á ríkisútgjöldum sem gjarnan birtist í lakari þjónustu, minni stuðningi, harkalegum tekjutengingum og hærri gjöldum og álögum. Í öðru lagi má nefna hávaxtastefnu sem hefur það að markmiði að láta skuldara og leigjendur bera kostnaðinn af sveiflum í efnahagslífinu en verja fjármagnseigendur. Í þriðja lagi felst niðurskurðarstefna í tilraunum til niðurbrots á kjörum og réttindum launafólks.

Hér á landi má nú sjá merki um alla þessa þrjá þætti og þing LÍV hvetur stjórnvöld til að hverfa af þeirri braut. Sem dæmi má nefna að í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir skerðingu á barnabótum og húsnæðisbótum og aukinni gjalddöku í heilbrigðiskerfinu. Hvert sveitarfélagið á fætur öðrum hækkar nú leikskólagjöld og landsbyggðarfolk þarf að fara um sífellt lengri veg til að sækja sér þjónustu. Hávaxtastefnan sem hefur verið við lýði í þrjú ár hefur haft gríðarlegan kostnað í för með sér fyrir launafólk og vegið sérstaklega illa að ungu fólki sem þarf að koma sér þaki yfir höfuð. Loks eru stjórnvöld með áform um að skerða atvinnuleysistryggingar án samráðs við verkalýðshreyfinguna og afnema jöfnunarframlag til lífeyrissjóða. Þessi upptalning er ekki tæmandi.

Allt eru þetta birtingarmyndir niðurskurðarstefnu, sem getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt samfélag til langs tíma. Aðgerðirnar eru kynntar sem efnahagleg nauðsyn en fræðimenn hafa ítrekað sýnt fram á að niðurskurðarstefna er vond hagfræði. Loforðið um að ná niður skuldum og jafnvægi í ríkisrekstri, og að því loknu hefjist vöxtur, hefur hvergi raungerst. Þvert á móti þá veldur niðurskurðarstefna meiri skuldsetningu, samdrætti og niðurbroti á samfélagslegum innviðum. Í niðurskurðarstefnu felst um leið stórfelld eignatilfærsla frá þeim sem minna eiga til hinna efnamestu. Hin fátæku verða fátækari og millistéttin minnkar.

Niðurskurðarstefna er líka ógn við lýðræðið þar sem fólk missir trú á kerfum og innviðum.



34. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna
30.-31. október 2025

Viðfangsefni samtímans eru umfangsmikil og þau kalla á stórhuga stjórnámál. Þing LÍV mun aldrei una því að réttindi og kjör launafólks verði brotin á bak aftur og seilst verði sífellt dýpra í vasa þeirra til þess að skipta út fjárfestingum á vegum stjórnvalda fyrir álögur á launafólk. Allir innviðir Íslands þarfnast fjárfestingar og húsnæðisvandinn verður ekki leystur með bútasauri. Markmiðið á að vera að skila samfélaginu í betra horfi til komandi kynslóða og þing LÍV krefst þess að stjórnvöld, sveitarfélög og Seðlabankinn rísi undir ábyrgð sinni.